



Fífutunga 4 - ósk um niðurfellingu gatnagerðargjalda

Fífutunga 4 - niðurfelling gatnagerðargjalda

Þann 18. desember 2023 var lóðinni Fífutunga 4 úthlutað til Jóns Steinars Guðmundssonar. Lóðarhafi hefur sótt um niðurfellingu gatnagerðargjalda í samræmi við reglur Ísafjarðarbæjar þess efnis.

Sjá hér: <https://www.isafjordur.is/is/moya/news/timabundin-nidurfelling-gatnagerdargjalda-vid-thegar-byggdar-gotur>

Samþykkt bæjarstjórnar byggði á minnisblaði starfsmanna umhverfis- og eignasviðs.

Sjá hér:

https://fundargatt.isafjordur.is/meetingsearch/displaydocument.aspx?itemid=6cc7aGB9i0cMaaFrKVllw&meetingid=TG_5osfLpkGYy8mh2Jf9cw1&filename=Minnisbla%C3%B0%20-%20fyrir%20b%C3%A6jarr%C3%A1%C3%B0%20framlenging%20%C3%BAt%202023%2030.9.2022.docx&cc=Document

Bæði minnisblaðið og ofangreind frétt á vef Ísafjarðarbæjar eru misvísandi hvað varðar tímafresti. Þar segir annars vegar að

ákvæðið tekur til lóðaúthlutana á neðangreindum lóðum sem fara fram frá 1. janúar 2022 til og með 31. desember 2023.

og hins vegar

miðað er við að framkvæmdir hefjist innan þessara tímamarka og ljúki með lokaúttekt fyrir 31. desember 2026.

Lóðarúthlutun Fífutunga 4 fór fram fyrir 31. desember 2023 en framkvæmdir eru ekki hafnar og ekki ljóst við hvaða tímafrest eigi að miða við, en orðalag fyrri tilvitnunarinnar er þó afdráttarlausari en það síðara þar sem talað um miðað er við [...].

Einnig má benda á að talsverð bjartsýni er að miða reglurnar við að lóð væri t.d. útlutað í ágúst og telja að lóðarhafi væri frá þeim tíma fram að áramótum búinn að fá að verkinu hönnuði til að klára allar teikningar, fara í gegnum byggingarleyfisferlið og ráða verktaka til að hefja framkvæmdir. Í því sambandi má geta þess að í lóðarúthlutunarreglum var fallið frá 6 mánaða tímafresti frá lóðarúthlutun til að skila inn teikningum þar tímaramminn þótti óraunhæfur.

Álögð gatnagerðargjöld miðað við gjaldskrá 2023: kr. 6.777.391

